

Áfallaáætlun Akurs

Tilgangur áfallaáætlunar leikskólans Akurs er að skýrt sé hvernig bregðast skal við áföllum sem snerta nemendur, starfsfólk eða nánustu fjölskyldumeðlimi þeirra. Í áfallateymi situr leikskólastjóri, sérkennslustjóri og tengiliður leikskólans við barnavernd Reykjanesbæjar. Áfallateymið kemur saman þegar dauðsfall, alvarleg slys, veikindi eiga sér stað eða ýmsar félagslegar aðstæður sem leiða til aukins álags á heimili barns/barna og krefjast sértækra aðgerða. Einnig ef upp koma náttúruhamfarir sem krefjast þess að áfallateymi sé virkjað.

Áfallateymi

Leikskólastjóri eða staðgengill hans ber ábyrgð á að kalla saman áfallaráð ef þurfa þykir og skal stýra vinnu þess hverju sinni.

Aðilar sem áfallaráð getur leitað til eftir þörfum eru:

- Sigurður Þ. Þorsteinsson sálfræðingur leikskólans
- Prestur Njarðvíkursóknar
- Hjúkrunarfræðingur á vegum Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja (HSS)
- Lögreglan á Suðurnesjum

Hlutverk áfallateymis Akurs

- Hlutverk teymisins er að vinna eftir áfallaáætlun svo bregðast megi fumlaut og ákveðið við þegar áföll steðja að
- Að samhæfa vinnubrögð og úrræði í tengslum við áföll tengd nemendum/starfsmönnum leikskólans
- Að huga að óskum fjölskyldna þeirra sem eiga í hlut hverju sinni
- Ef fjölmiðlar sýna málinu áhuga skal í öllum tilvikum vísa á leikskólastjóra eða staðgengil hans sem einn hefur umboð til að veita upplýsingar til utanaðkomandi aðila
- Leikskólastjóri er ávallt í samstarfi við leikskólafulltrúa Reykjanesbæjar í slíkum málum

Áföll

Áföll sem áætlunin nær til:

- Alvarleg slys (nemanda, starfsfólks eða aðstandenda)
- Alvarleg veikindi (nemanda, starfsfólks eða aðstandenda)
- Andlát (nemanda, starfsfólks eða aðstandenda)
- Náttúruhamfarir

Viðbrögð við áföllum er tengjast nemendum

Ef barn veikist eða slasast alvarlega í leikskólanum:

- Hringja í neyðarlínuna 112 og segja hvar við erum, hvað kom fyrir og fyrir hvern og hver hringir
- Einn eða fleiri starfsmenn sinna veiku/slösuðu barni
- Haft er samband við foreldra/forsjáraðila. Ef um alvarlegt atvik er að ræða þurfa upplýsingar að berast frá leikskólastjóra til foreldra/forsjáraðila
- Áfallateymi er kallað saman og rætt er við starfsfólk og því greint frá atvikinu
- Reynt er að tryggja að starfsfólk fari ekki heim eftir daginn með rangar upplýsingar um neinn þátt málsins
- Athuga skal hvort heimsóknir til viðkomandi fjölskyldu séu mögulegar frá leikskólastjóra

Andlát barns

- Leikskólastjóri sér um að afla staðfesta upplýsinga um atburðinn og hefur samband við heimilið
- Áfallateymið er kallað saman auk prests í stuttan fund þar sem fólk skiptir með sér verkum og ákveður fyrstu viðbrögð skólans
- ATH. Allar aðgerðir eru bornar undir viðkomandi foreldra/forsjáraðila til samþykkis og þeir hafðir með í ráðum

Viðbrögð við áföllum tengdum aðstandendum barns

Alvarleg veikindi eða slys aðstandenda barns

- Leikskólastjórnendur fá staðfestingu á veikindum/slysi hjá foreldri/forsjáraðila barns
- Áfallateymið fundar um málið og ákveður í samráði við foreldri/forsjáraðila hvernig unnið skuli að málinu

Andlát aðstandenda nemanda

- Leikskólastjóri ber ábyrgð á að kalla eftir upplýsingum og staðfestingu á andlátinu og hefur samband við heimili viðkomandi nemanda
- Áfallaráð kemur saman (mögulega prestur kallaður til) og skiptir með sér verkum
- Kjarnastjóra er tilkynnt um andlátið

Viðbrögð við áföllum tengdum starfsfólki leikskólans

Alvarlegt slys/veikindi starfsmanns leikskólans

- Leikskólastjóri í samráði við áfallateymi og viðkomandi starfsmann ákveður hvort og þá hvernig tilkynna skuli starfsfólki og börnum slysið/veikindin

Andlát starfsmanns (eða maka/barns starfsmanns)

- Leikskólastjóri ber ábyrgð á að kalla eftir upplýsingum og staðfestingu á andlátinu og hefur samband við viðkomandi
- Áfallaráð kemur saman (mögulega prestur kallaður til) og skiptir með sér verkum

- Leikskólastjóri upplýsir allt starfsfólk skólans um andlátíð og sér um að tilkynna þeim sem fjarri eru
- Leikskólastjóri ásamt aðila úr áfallaráði heimsækir viðkomandi í samráði við þá
- Leikskólastjóri og/eða annað starfsfólk fer í útför viðkomandi og samúðarkveðja er send fyrir hönd leikskólans

Áfallahjálp

Áfallahjálp fyrir börn

- Notið opin, hreinskilin og einlæg tjáskipti
- Greinið barninu frá staðreyndum: Hvað hefur gerst - hvernig gerðist það - hvað mun gerast í framhaldinu
- Talið við barnið í samræmi við aldur þess og þroska
- Útskýrið ekki of fræðilega fyrir barninu heldur notið einfalt orðalag
- Forðist huglægar útskýringar og notið ekki orð eins og svefn, ferð o.s.frv. í staðinn fyrir dauði
- Forðist að nota líkingamál, tala undir rós og nota orðatiltæki
- Leikskólinn er griðastaður barnsins og því mikilvægt að hafa allt í föstum skorðum og halda daglegu skipulagi

Áfallahjálp fyrir starfsfólk

Áfallateymi leikskólans og starfsfólk þurfa að vera vakandi fyrir líðan samstarfsmanna og leita aðstoðar ef þurfa þykir t.d. hjá sálfræðingi, presti eða heilbrigðisstarfsfólki.

Áfallahjálp fyrir foreldra

Áfallateymi leikskólans og starfsmenn þurfa að vera til staðar fyrir foreldra og aðra aðstandendur þegar áfall dynur yfir. Áfall getur verið af ýmsum toga s.s. við andlát, skilnað eða greiningu sem barn fær. Mikilvægt er að fylgja málum eftir t.d. með spurningum eða klappi á öxl til að sýna viðkomandi umhyggju og athygli.

Fólk af erlendum uppruna – leiðir og viðbrögð við áföllum

Fjölmenningarsetur veitir ráðgjöf vegna áfalla og þar er starfandi upplýsingafulltrúi, síminn þar er 450 3090. Á heimasíðu www.mcc.is er hægt að finna nánari upplýsingar.